

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 95/6/EB

frá 20. mars 1995

um breytingu á I. og II. viðauka við tilskipun ráðsins 66/402/EBE um markaðssetningu sáðkornsFRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/402/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu sáðkorns⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 93/2/EBE⁽²⁾, einkum 21. gr. a,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Rúgblendingar heyra undir gildissvið tilskipunar 66/402/EBE en í tilskipuninni eru ekki fastsett hvaða skilyrði þurfi að uppfylla um ræktun og sáðkorn rúgblendinga.

Til að fastsetja slík skilyrði var samþykkt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 89/374/EBE frá 2. júní 1989 um skipulag tímabundinna tilrauna, samkvæmt tilskipun ráðsins 66/402/EBE um markaðssetningu sáðkorns, til að ákvarða hvaða skilyrði þurfi að uppfylla um ræktun og sáðkorn rúgblendinga⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með ákvörðun 92/520/EBE⁽⁴⁾.

Þessum tilraunum lauk 30. júní 1994.

Á grundvelli niðurstaðna sem fengust úr þessum tilraunum er nú hægt að fastsetja skilyrði um ræktun og sáðkorn rúgblendinga og I. og II. viðauka við tilskipun 66/402/EBE skal breytt til samræmis við það.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fræ og fjölgunarfni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. og II. viðauka við tilskipun 66/402/EBE er hér með breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. júní 1995. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

*3. gr.*Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.*4. gr.*

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 20. mars 1995.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. L 125, 11. 7. 1966, bls. 2309/66.⁽²⁾ Stjútíð. EB nr. L 54, 5. 3. 1993, bls. 20.⁽³⁾ Stjútíð. EB nr. L 166, 16. 6. 1989, bls. 66.⁽⁴⁾ Stjútíð. EB nr. L 325, 11. 11. 1992, bls. 25.

VIDAUKI

1. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á I. viðauka:

a) Í 2. og 3. lið komi orðin „nema blendingar“ á eftir orðunum *Secale cereale*.

b) Eftirfarandi 3. lið a er skotið inn:

„3a. Rúgblendingar.

a) Ræktunin skal uppfylla eftirfarandi staðla um fjarlægð frá nálægum frjógjöfum sem getur orsakað óæskilega, utanaðkomandi frævnun.

Ræktun	Lágmarksfjarlægð
1	2
— við ræktun stofnsáðkorns	
— þar sem karlófrjósemi er beitt	1 000 m
— þar sem karlófrjósemi er ekki beitt	6 00 m
— við ræktun vottaðs stofnsáðkorns	5 00 m

b) Ræktunin skal vera hrein og ósvikin að því er varðar þáttaeinkenni, þ.m.t. karlófrjósemi.

Einkum skal uppfylla eftirfarandi staðla og skilyrði:

i) fjöldi plantna af tegundunum í ræktuninni sem eru greinilega ekki í samræmi við þáttinn má ekki vera meiri en

— ein á hverja 30 m² fyrir ræktun stofnsáðkorns,

— ein á hverja 10 m² fyrir ræktun vottaðs sáðkorns en í opinberum akurskoðunum gildir þessi staðall aðeins um kvenþáttinn,

ii) þegar um stofnsáðkorn er að ræða þar sem karlófrjósemi er beitt skal ófrjósemin vera 98% hið minnsta.

c) Þar sem við á skal vottað sáðkorn ræktað með blandaðri ræktun með karlófrjósum kvenþætti og karlþætti en það endurheimtir karlófrjósemi.“

2. Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á II. viðauka:

a) í 1. lið komi orðin „blendingsafbrigði af *Secale cereale*, *Sorghum* spp. og *Zea mays*“ í stað orðanna „blendingsafbrigði af *Sorghum* spp. og *Zea mays*“.

b) Eftirfarandi bætist við 1. lið:

„C. Rúgblendingar

Sáðkorn er því aðeins viðurkennt sem vottað sáðkorn að tekið sé fullt tillit til niðurstaðna í opinberri eftirkönnunarprófun á opinberum sýnum stofnsáðkorns teknum á vaxtarskeiði sáðkornsins sem afhent er til vottunar sem vottað sáðkorn til að ganga úr skugga um að prófunin sýni að stofnsáðkornið uppfylli þær kröfur, sem mælt er fyrir um í þessari ákvörðun, um að stofnsáðkorn sé ósvikið og hreint að því er varðar þáttaeinkenni, þ.m.t. karlófrjósemi.“

c) Eftirfarandi komi í stað 3. gr.:

„3. Halda skal skaðlegum lífverum sem draga úr notagildi sáðkornsins í lágmarki.

Einkum skal sáðkornið uppfylla eftirfarandi staðla að því er varðar *Claviceps purpurea* (mesti fjöldi drjola eða drjölábrot í sýni af þeirri þyngd sem tilgreind er í 3. dálni III. viðauka).

Flokkur	<i>Claviceps purpurea</i>
1	2
Korn nema rúgblendingar:	
— stofnsáðkorn	1
— vottað sáðkorn	3
Rúgblendingar:	
— stofnsáðkorn	1
— vottað sáðkorn	4 (a)

(a) Ef sýni af tilgreindri þyngd inniheldur fimm drjóra eða drjólabrot skal það teljast uppfylla staðlana ef annað sýni af sömu þyngd inniheldur ekki meira en fjóra drjóra eða drjólabrot.*